

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 57/97
frá 31. júlí 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 14/97 frá 24. mars 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB frá 26. febrúar 1996 um mætvæli sem nota
á sem orkusnautt megrunarfæði⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54o (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar
94/458/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54p. 396 L 0008: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB frá 26. febrúar 1996
um mætvæli sem nota á sem orkusnautt megrunarfæði (Stjtið. EB nr. L 55, 6. 3.
1996, bls. 22).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 60.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 55, 6. 3. 1996, bls. 22.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner